

Stefnumótunarfundur Rannsóknasjóðs

27. mars 2015

Kl. 13:30 – 16:30

Hótel Natura



Hlutverk Rannsóknasjóðs í
nýrri aðgerðaáætlun
Vísinda- og tækniráðs
2014-2016

Stefnumótunarfundur
27. mars 2015



Ástæður stefnumótunar nú

- Umtalsverð hækkun framlaga í sjóðinn 2015 og 2016.
- Sjóðurinn þarf nú að endurskoða kostnaðarmódel sitt og styrkjategundir.
- Sjóðurinn þarf einnig að skilgreina hlutverk sitt í íslensku vísindasamfélagi.
- Sjóðurinn er lítill í samanburði við þau tækifæri sem vísindamönnum bjóðast t.d. í Evrópuáætlunum; hvernig örvar sjóðurinn alþjóðlega sókn?

Hækkun opinberra framlaga


1.1. Auka fjárveitingar til vísinda og nýsköpunar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF), þannig að árið 2016 nái þær 3,0% af henni.

2. liður: Aukin opinber fjárfesting í samkeppnissjóðum um 2,8 milljarða þ.e. um 800 m. kr. fjárlagaárið 2015 og um tvo milljarða kr. fjárlagaárið 2016.

2015: um 400 milljónir

2016: um 1000 milljónir

Hækkun fjárveitinga




Markmið 1.3.


1.3. Hækka hlutfall samkeppnisfjár í fjármögnun háskóla og rannsóknastofnana, þannig að það nái um þriðjungi af heildarfjármögnun árið 2016. Samhliða opnum samkeppnissjóðum verði teknaðar upp fjárveitingar sem byggðar eru á árangursmati. Í tillögu kafla skýrslunnar „Ný sýn“ kemur fram dæmi um framtíðarmarkmið um hlutfallslega samsetningu fjármögnunar til rannsókna og nýsköpunar á Íslandi.

Ráðstöfun opinbers fjármagns


120%
100%
80%
60%
40%
20%
0%




2013



2014



2015



2016

Beinar fjárveitingar

Samkeppnissjóðir og skattívilnanir

Hlutverk sjóðsins í kerfinu

Hækkuð framlög til sjóðanna merkir breytt hlutverk sjóðsins í stærri myndinni:

1. Hvernig spilar sjóðurinn best með háskóla- og stofnanakerfinu hvað varðar samkeppnisfjárveitingar til þeirra?
2. Hvernig spilar sjóðurinn með atvinnulífinu?
3. Hvernig spilar sjóðurinn gagnvart alþjóðlegri sókn?

Næstu skref


Hvernig gerum við góðan sjóð betri?

Hvernig myndum við skipuleggja sjóðinn ef við værum að stofna hann nú?


Rannsóknasjóður

2004-2015


Opinbert framlag



Árangurshlutfall



Fjöldi styrkja og meðalupphæð



Matsferli

2004: Umsóknir um öndvegisstyrki á ensku

2009: Allar umsóknir á ensku

2011: Allt ytra mat fer fram erlendis

2012: Tveir af sjö fagraðsmönnum starfandi erlendis

2015: Fimm af sjö fagraðsmönnum fagraðs Heilbrigðis- og lífvísinda starfandi erlendis

Rannsóknasjóður

2015 - ?

Styrktegundir

Árlegur umsóknarfrestur

Verkefnastyrkir

- Hámarksstyrkur 45 milljónir fyrir þriggja ára verkefni
- Verkefni með skýr markmið og vel skilgreinda og varðaða verkefnisáætlun
- Kostnaðarþættir: Laun þátttakenda (þ.m.t. framhaldsnema), rekstrarkostnaður, aðkeypt þjónusta, ferðakostnaður
- 25% vegna samreksturs og aðstöðu

Öndvegisstyrkir

- Hámarksstyrkur 105 milljónir fyrir þriggja ára verkefni
- Umfangsmikil verkefni með skýr markmið og vel skilgreinda og varðaða verkefnisáætlun sem eru líkleg til að skila íslenskum rannsóknum í fremstu röð á alþjóðavettvangi
- Kostnaðarþættir: Laun þátttakenda (þ.m.t. framhaldsnema), rekstrarkostnaður, aðkeypt þjónusta, ferðakostnaður
- 25% vegna samreksturs og aðstöðu

Rannsóknastöðustyrkur

- Hámark 21 milljón fyrir þriggja ára verkefni
- Styrkir fyrir unga vísindamenn sem lokið hafa doktorsnámi innan 7 ára áður en verkefni hefst
- Laun nýdoktors, laun framhaldsnema, rekstrarkostnaður, aðkeypt þjónusta, ferðakostnaður
- Þátttaka fyrirtækja
- 25% vegna samreksturs og aðstöðu

Doktorsnemastyrkur

- Hámark 12,6 milljónir fyrir þriggja ára verkefni
- Aðeins hægt að sækja um fyrir launum nemans
- Styrkir veittir til 3 ára í samræmi við aðra styrki
- 25% vegna samreksturs og aðstöðu

Styrktegundir

Hlaupandi umsóknarfrestur

Styrktegundir

- Inngangsstyrkir
 - Pilot rannsóknir, samstarfsundirbúningur...
- Framlengingarstyrkir
 - Allt að eins árs framlenging á verkefni. Háð gæðamati.
- Laun meistaranema
 - Fyrir verkefni sem þegar eru í gangi verður hægt að sækja um laun viðbótar meistaranema í allt að eitt ár. Háð gæðamati.
- Birtingarstyrkir
 - Til að standa straum af kostnaði við birtingar t.d. í open access tímaritum. Fyrirfram ákveðinn pottur.
- Ferðastyrkir
 - Til að standa straum af óvæntum ferðakostnaði sem tilheyrir styrktu verkefni. Fyrirfram ákveðinn pottur.
- Alþjóðlegt samstarf
 - common-pot, ERA net...

Styrktegundir

Sérstakur umsóknarfrestur

Samstarfsstyrkir stórra rannsóknahópa

Styrkir til eflingar samstarfs rannsóknahópa og fyrirtækja með það að markmiði að auka samkeppnishæfni þeirra á alþjóðlegan mælikvarða og stuðla að sókn í erlenda samkeppnissjóði og markaði.

- Virkt og vel skilgreint samstarf við erlenda rannsóknarhópa
- Þverfaglegt
- Virk þátttaka ungra vísindamanna
- Áhersla lögð á „added value“ samstarfsins
- Samfélagslegar áskoranir
- 100 milljónir/ári í allt að þrjú ár (25% overhead innifalið)

Inngöngustyrkir ungra vísindamanna

Styrkir til að auðvelda ungum framúrskarandi vísindamönnum að hasla sér völl á Íslandi t.d. með því að byggja upp eigin rannsóknahóp.

- 2-7 ár eftir doktorspróf
- Sterkur rannsókniferill
- Sjálfstæði í rannsóknum (birt án þátttöku leiðbeinanda úr doktorsnámi)
- 25 milljónir/ári í allt að fimm ár (25% overhead innifalið)

Matsferli

Fagráð

Fjöldi og skipting fagraða

Fagrað	Fagflokkar skv OECD
Raunvísindi	Physical sciences, chemical sciences, nano-technology, health biotechnology, industrial biotechnology, computer and information sciences, mathematics
Verkfræði	Environmental engineering, civil engineering, materials engineering, mechanical engineering, medical engineering, electrical engineering, electronic engineering, information engineering, other engineering and technologies
Náttúrufræði I (líffræði)	Biological sciences, agriculture, forestry, and fisheries
Náttúrufræði II (jarðvísindi)	Earth and related environmental sciences
Lífvísindi	Basic medicine
Heilbrigðisvísindi (klínískar rannsóknir og lýðheilsa)	Clinical medicine, public health
Félagsvísindi	Economics and business, educational sciences, law, political science, social and economic geography, psychology, sociology, other social sciences.
Hugvísindi og listir	History and archaeology, languages and literature, art (arts, history of arts, performing arts, music), philosophy, ethics and religion, other humanities.

Erlendir sérfræðingar

- Leitað til a.m.k. tveggja erlendra sérfræðinga fyrir hverja umsókn í styrkjaflokkum sem auglýstir eru á föstum umsóknarfresti
- Fagráð eingöngu skipuð erlendum aðilum (sérskipuð eða innan erlendra rannsóknaráða) fengin til að meta stóra styrki auglýsta utan reglubundins umsóknarfrests

Doktorsnemaumsóknir

- Erlendir sérfræðingar
 - vísindalegt gildi
 - vísindaferill leiðbeinanda
- Fagrað
 - aðstaða til að framkvæma rannsóknina (staðfesting frá deild)
 - ferill leiðbeinanda
 - ferill doktorsnema

Þverfaglegar umsóknir

- Þverfaglegar umsóknir verða merktar öllum fagraðum sem umsækjandi telur viðeigandi
- Lesarar úr öllum viðeigandi fagraðum. Lesarar koma sameiginlega að vali á ytri umsagnaraðilum (a.m.k. 3/umsókn)
- Umsagnaraðilar eru valdir á grundvelli fagþekkingar sinnar á sviðinu en einnig á grundvelli þekkingar og reynslu í þverfaglegum rannsóknum
- Lokamat fagraðs afgreitt úr „heimafagraði“ með samþykki lesara úr öllum viðeigandi fagraðum